

# Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

## Fundargerð

56. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu

Fundur í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Haldinn í fundarsal Rangárbings ytra, þirðjudaginn 9. Október 2018, kl. 17:00.

Mættir: Anton Kári Halldórsson, Guðmundur Gíslason, Hjalti Tómasson, Valtýr Valtýsson og Leifur Björnsson slökkviliðsstjóri.

Anton Kári Halldórsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

### 1. 1810010 – Rekstraryfirlit Brunavarnir 30.09.2018

Slökkvistjóri fer yfir rekstur Brunavarna Rangárvallasýslu til 30. september 2018. Talsverð aukning hefur verið í útköllum milli ára og því ljóst að launaliður fer talsvert fram úr áætlunum. Fyriséð er að sækja þurfi um auknar fjárheimildir til aðildarsveitarfélaga. Nánari greining á þeim verði lögð fram á næsta stjórnarfundum sem áætlaður er 22. október.

### 2. 1810011 – Endurnýjun slökkvistöðvar á Hellu

Rædd voru áform um fyrirhugaða byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Hellu. Stjórn fór í skoðunarferð í Árnes fyrir skömmu og skoðaði þar nýbyggða slökkvistöð. Sú framkvæmd tókst virkilega vel og leist stjórn afar vel á bygginguna. Farið hefur fram talsverð umræða innan stjórnar um rýmisþörf og útbúnað sem ný slökkvistöð á Hellu þarf að bera. Slökkvistjóra falið að óska eftir verðtilboði skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Stjórn leggur áherslu á að verðtilboð liggji fyrir á næsta stjórnarfundum sem áætlaður er 22. október.

### 3. 1810012 – Rekstraráætlun Brunavarna 2019

Slökkvistjóri fer yfir drög að rekstraráætlun Brunavarna Rangárvallasýslu fyrir árið 2019. Stjórn stefnir að því að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir 2019 á næsta stjórnarfundum sem áætlaður er 22. október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10.

Anton Kári Halldórsson  
Guðmundur Gíslason  
Hjalti Tómasson  
Leifur Björnsson

Leifur B. Björnsson